43

# Reikningur

Yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs skipsstjóra og stýrimanna við Faxaflóa árið 1907.

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Í sjóði við ársbyrjun | | | kr. 5988 03 |
| 2. Vextir: | | | |
| a. Af Söfnunarsjóðsinnlagi | kr. | 237 47 | |
| b. — sparisjóðsinnlagi | — | 21 26 | — 258 73 |
| 3. Árstillög fjelagsmanna | — | | — 212 00 |
| 4. Gjafir | — | | — 25 00 |
| 5. Ágóði af hlutaveltu | — | | — 329 51 |
| | | | kr. 6813 27 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| 1. Styrkur veittur | kr. 340 00 |
| 2. Í sjóði við árslok | — 6473 27 |
| | kr. 6813 27 |

Reykjavik, 8. jan. 1908.

*Magnús Magnússon.*

44

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld hins íslenska Biflíufjelags árið 1906.

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Sjóður frá fyrra ári: | | | |
| a. veðskuldabrjef | kr. | 10805 00 | |
| b. Á vöxtum í Landsbankanum | — | 577 63 | |
| c. Í sjóði hjá fjehirði | — | 119 45 | kr. 11502 08 |
| 2. Tillög goldin | — | | — 32 00 |
| 3. Styrkur úr landssjóði 1906 | — | | — 1000 00 |
| 4. Styrkur frá hinu breska biflíufjelagi | — | | — 901 00 |
| 5. Vextir tilfallnir 1906 | — | | — 494 81 |
| 6. Borguð lán | — | | — 2454 00 |
| | | | kr. 16383 89 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Til biflíuþýðingar: | | |
| a. til cand. Haraldar Níelssonar | kr. | 2800 00 |
| b. — biskups H. Sveinssonar | — | 200 00 |
| c. — lectors Þórh. Bjarnarsonar | — | 200 00 |
| d. — rectors Stgr. Thorsteinssonar | — | 200 00 |
| | Flyt kr. | 3400 00 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Fluttar | 3400 00 kr. | |
| e. — síra Gísla Skúlasonar . . . . . . . . . | — | 25 00 | — 3425 00 |
| 2. Ýmislegt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | — | | — 2 00 |
| 3. Til jafnaðar móti tekjulið 6 . . . . . . . . . | — | | — 2454 00 |
| 4. Eftirstöðvar við reikningslok 1906: | | | |
| a. veðskuldabrjef . . . . . . . . . . . . . . | — | 8351 00 | |
| b. Á vöxtum í Landsbankanum . . . . . . . . | — | 2003 08 | |
| c. Í sjóði hjá fjehirði . . . . . . . . . . . . | — | 148 81 | — 10502 89 |
| | | | kr. 16383 89 |

Reykjavík, 24. júní 1907.
*Eiríkur Briem.*

# Embættaskipun, veiting og lausn m. m.

a. Lausn.

20. febrúar 1908 veitti ráðherrann sóknarpresti í Holtsprestakalli í Önundarfirði Janusi prófasti Jónssyni samkvæmt beiðni hans lausn frá embætti frá fardögum 1908 að telja, sökum heilsubrests, með eftirlaunum lögum samkvæmt.

b. Veiting.

2. desember 1907 skipaði Hans hátign konungurinn í milliþinganefnd til að endurskoða skattalög landsins þá:

landritara Klemens Jónsson, r. af dbr. og dbrm., sem formann,
kaupmann August Flygenring,
bæjarfógeta Guðlaug Guðmundsson, r. af dbr.,
umboðsmann Ólaf Briem á Álfgeirsvöllum og
umboðsmann Pjetur Jónsson á Gautlöndum.

13. desember s. á. var stöðvarstjóri Paul Smith af ráðherra skipaður aðstoðarmaður á aðalskrifstofu landssímanna frá 1. janúar þ. á. að telja.

15. febrúar var skógfræðingur A. F. Kofoed-Hansen af ráðherra settur skógræktarstjóri.

17. febrúar rjeð ráðherrann samkvæmt fjárlögum 16. nóv. 1907, 13. gr. B I 2 verkfræðing Svein Medhus aðstoðarmann verkfræðings landsins.

2. janúar var Þórður Edílonsson læknir í Hafnarfirði af ráðherra settur til þess fyrst um sinn, frá 1. s. m. að telja, að gegna hjeraðslæknisembættinu í Hafnarfjarðarhjeraði.

4. janúar var bókavörður Jón Jakobsson, r. af dbr., settur af ráðherra til þess fyrst um sinn, frá 1. s. m. að telja, að gegna landsbókavarðarsýslaninni.

S. d. var dr. phil. Björn Bjarnason settur af ráðherra til þess fyrst um sinn, frá 1. janúar að telja, að gegna fyrri aðstoðarbókavarðarsýslaninni við Landsbókasafnið.

S. d. var cand. phil. Jón Jónsson settur af ráðherra til þess fyrst um sinn, frá 1. janúar að telja, að gegna síðari aðstoðarbókavarðarsýslaninni við Landsbókasafnið.